

**Mál nr. 101/2008**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á húsagötu við Glerárgötu á Akureyri þann 15.2.2008.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 28.5.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.6.2008, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Y, dags. 30.6.2008.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak úr stöðureit inn á húsagötu er liggur samsíða Glerárgötu. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið aftur á bak til suðausturs eftir húsagötunni í átt að A. Rákust þá saman hægra afturhorn A og aftanverð vinstri hlið B. Einstefna er á húsagötunni til norðvesturs.

Ökumaður A kvaðst hafa bakkað úr stöðureitnum út á húsagötuna. Hafi B þá verið ekið aftur á bak eftir húsagötunni í átt að A. Þar sem B hafi verið ekið mjög ákveðið aftur á bak hafi hann stöðvað A, en árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa bakkað eftir húsagötunni til að komast inn í stöðureit. A hafi verið bakkað úr stöðureit og bifreiðirnar rekist saman.

**Álit.**

Samkvæmt því sem ráðið verður af skýrslum ökumanna um tildrög árekstursins stöðvaði ökumaður A bifreið sína er hann varð var við ferðir B. Hins vegar virðist ökumaður B ekki hafa vitað af A fyrir en í óefni var komið. Þá ók ökumaður B á móti einstefnu og bar af þeim sökum að sýna sérstaka varúð og ganga úr skugga um að það væri unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur og af þeim sökum ber ökumaður B sök á árekstrinum. Eins og hér stóð á verður ekki ráðið af gögnum málsins að tilefni sé til að leggja sök á ökumann A. Öll sök verður því lögð á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 11. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.